

**42. fundur Atvinnu- og hafnarnefnd haldinn Strandgötu 38, miðvikudaginn  
10. maí 2023  
og hófst hann kl. 17:30.**

**Fundinn sátu:**

Ásgeir Jónsson (ÁJ), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Fjölur Freysson (FF) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, hafnarstjóri

Formaður kannaði hvort að athugasemdir væru við boðun fundarins, svo var ekki og var hann því lýstur lögmætur.

Aðalfulltrúinn Jón Ingi Jónsson boðaði forföll og sat varafulltrúinn Fjölur Freysson fundinn í hans stað

Óskað var eftir afbrigðum til að taka mál með málsnúmerið 2304041 á dagskrá. Var það samþykkt samhljóða og verður það nr. 1 á fundinum og önnur mál færast niður sem því nemur.

**Dagskrá:**

**1. Framkvæmdir við rafmagn á höfn - 2304041**

Lagt fram erindi frá Vegagerðinni dags. 02.05.2023 þar sem gert er grein fyrir niðurstöðu útboðs vegna smíði og uppsetningar á tölfluskápum vegna endurnýjunar rafmagns á höfn. Fram kemur að lágsta tilboð er 79,6% af kostnaðaráætlun og lagt er til að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda, RST Net.

*Atvinnu- og hafnarnefnd Tálknafjarðarhrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda í samræmi við tillögu Vegagerðarinnar.*

**2. Starfsmannamál Tálknafjarðarhafnar - 2110201**

Mál frá 41. fundi atvinnu- og hafnarnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 19.04.2023. Kom fram að borist hefðu tvær umsóknir um sameiginlegt starf hafnarvarðar og starfsmanns eignasjóðs. Hafnarstjóri gerði grein grein fyrir því að Ásgeir Jónsson yrði ráðinn í starfið til eins árs frá og með 01.07.2023.

Ásgeir Jónsson vék af fundi við umfjöllun um málið vegna tengsla við það og tók Jenný Lára Magnadóttir við stjórn fundarins á meðan.

*Lagt fram, kynnt og rætt.*

*Atvinnu- og hafnarnefnd óskar nýjum starfsmanni velfarnaðar í starfi.*

**3. Rekstur tjaldsvæðis 2023 - 2304088**

Undirritaður leigusamningur um rekstur á tjaldsvæðis Tálknafjarðar 2023.

*Lagt fram.*

**4. Upplýsingagjöf hafnarstjóra 2023 - 2301004**

42. fundur  
31.05.2023

*Upplýsingagjöfin var rædd.*

**5. Fundargerðir Hafnasambands Íslands 2023 - 2301083**

Fundargerð 452. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands sem fór fram 19.04.2023.

*Lagt fram.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:30.**

---

Ásgeir Jónsson (ÁJ)

---

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

---

Fjölur Freysson (FF)

---

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)